

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald og 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, m.s.b.

Starfsleyfisskilyrði fyrir móttökustöðvar fyrir ökutæki sem áformað er að farga

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi ná yfir fyrirtæki sem annast innsöfnun, móttöku og ráðstöfun á bifreiðum og öðrum ökutækjum sem fara eiga í niðurrif eða förgun samkv. lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykka notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Áður en heimilaður er rekstur móttökustöðvar fyrir bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki sem bíða niðurrifs eða förgunar skal liggja fyrir samþykki byggingarnefndar um lóðarnýtingu, gerð bílastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslusvæða.
- 1.5 Starfsleyfið nær ekki til niðurrifs slíkra tækja.
- 1.6 Fyrirtækið ber ábyrgð á því að spilliefni (s.s. bensín, olíur, glussar, rafgeymar, olíusúr, kælimiðlar og frostlögur) séu fjarlægð úr bifreiðum og öðrum vélknúnum ökutækjum sem því berst til förgunar.
- 1.7 Fyrirtækinu er óheimilt að afhenda einstaklingum eða lögaðilum bifreiðar eða bifreiðahluta en þeir hafi til þess starfsleyfi.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhrae, bílhluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannaferi eða valdi slysa-hættu. Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.
- 2.3 Bifreiðar, þungavinnutæki eða annað sem bíður niðurrifs skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum undir geymslu.
- 2.4 Geymslusvæði skal afgirt traustri girðingu. Tryggt skal að óviðkomandi aðilar eiga ekki aðgang að geymslu- og vinnslusvæðum.

3. Mengunarvarnir

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Þar sem hætt er á að spilliefni leki frá ökutækjum skal undirlag vera olíuhelt.
- 3.3 Þar sem tæming spilliefna fer fram skal frárennsli leitt í olúgildru. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.
- 3.4 Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
- 3.5 Hafa skal til reiðu búnað til upphreinsunar á fljótandi spilliefnum s.s. blautsugu, tvist eða sag.
- 3.6 Olúmengudum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.

4. Spilliefni og annar úrgangur

- 4.1 Staðsetja skal ílát undir spilliefni s.s. ópressaðar olíusúr, úrgangsolíu, rafgeyma og frostlög í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef spilliefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir.
- 4.2 Spilliefni skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.
- 4.3 Farið skal eftir ákvæðum reglugerða um meðhöndlun og flokkun á spilliefnum og öðrum úrgangi eins og þau eru á hverjum tíma.
- 4.4 Halda skal nákvæma skrá yfir skil á spilliefnum svo og tæmingu á olúgildru.
- 4.5 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.